

Ed.

378. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjarlæknirinn í Reykjavík hafi að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, en launin hækki samkvæmt niðurlagi 2. málsgreinar 12. gr. upp í 3500 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnsnemma og lög um læknaskipun í Reykjavík komast til framkvæmda.